

Nr. 115

5. febrúar 2015

## REGLUGERÐ

**um (3.) breytingu á reglugerð nr. 927/2014, um loðnuveiðar grænlenskra  
skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands á loðnuvertíðinni 2014/2015.**

1. gr.

1. mgr. 3. gr. reglugerðarinna orðast svo:

Grænlenskum skipum er heimilt að veiða samtals 53.740 lestir af loðnu í fiskveiðilandhelgi Íslands. Eftir 15. febrúar og sunnan 64°30'N er grænlenskum skipum þó einungis heimilt að veiða 23.000 lestir.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. ákvæðum laga nr. 22/1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 5. febrúar 2015.*

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

**Jóhann Guðmundsson.**

---

*Baldur P. Erlingsson.*

---

B-deild – Útgáfud.: 5. febrúar 2015